



Borgarráð

Tillaga um breytingu á gjaldskrá fyrir gjöld á bílastæðum í Reykjavíkurborg

Lagt er til að meðfylgjandi breytingar á gjaldskrá fyrir gjöld á bílastæðum í Reykjavíkurborg verði samþykktar fyrir árið 2022.

Lýsing	Eining	2022	2021	Hækkun
		Verð	Verð var	
Gjaldsvæði 1		385	370	4,1%
Gjaldsvæði 2		200	190	5,3%
Gjaldsvæði 3		200	190	5,3%
Gjaldsvæði 4		200	190	5,3%

Í samræmi við 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð

Síðasta breyting á gjaldskrá fyrir gjöld á bílastæðum í Reykjavíkurborg var samþykkt í borgarráði þann 12. ágúst sl., en um var að ræða breytingar á gjaldi fyrir bílastæðakort íbúa í Reykjavík og formlega afturköllun á breytingum á almennri gjaldskyldu sem samþykkt hafði verið í árslok 2019 en aldrei innleidd sökum Covid-19. Fjárhæðir gjalda fyrir notkun stöðureita hafa því verið óbreyttar frá árslokum 2018.

Með þeirri tillögu sem nú er lögð fram, eru ekki gerðar breytingar á gjaldi fyrir bílastæðakort íbúa en lögð er til eftirfarandi verðlagsuppfærsla á gjaldskyldum svæðum sem er sem næst 4,1% í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar 2022 og hefur tekið tillit til þessara breytinga í fjárhagsáætlun umhverfis- og skipulagsvið fyrir árið 2022.

Lagt er til að hækka einungis mánaðargjald fyrir leigu stæða en ekki skammtímagjöld stæða. Um langa hríð hefur eftirspurn eftir leigu stæða í bílhúsum borgarinnar verið meiri en framboð. Á sama tíma hefur leiguverðið ekki fylgt verðlagsþróun en vísitala neysluverðs hefur hækkað um rúm 10% frá því að núgildandi gjaldskrá tók gildi.



Reykjavíkurborg

Í meðfylgjandi gögnum koma fram upplýsingar um hverja gjaldskrártillögu, þ.e. hver gjaldskráin verður árið 2022 eftir breytingar, hver sé samþykkt gjaldskrá til samanburðar og hve mikil hlutfallshækkun felst í tillögunni.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Gjaldskrá fyrir gjöld á bílastæðum í Reykjavík 2022

Gjaldskrá Bílastæðasjóðs 2022

Samþykkt lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 29. nóvember 2021



GJALDSKRÁ FYRIR GJÖLD Á BÍLASTÆÐUM Í REYKJAVÍKURBORG

1. gr.

Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum

Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum eru eftirfarandi:

- a. 385 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 1.
- b. 200 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 2.
- c. 200 krónur á klukkustund, fyrir fyrstu tvær klukkustundir en 55 krónur á klukkustund eftir það, á gjaldsvæði 3.
- d. 200 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 4.

2. gr.

Gjald fyrir bílastæðakort íbúa í Reykjavík

Gjald fyrir bílastæðakort íbúa er eftirfarandi:

- a. 1.250 kr. á mánuði fyrir bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni eða vetni.
- b. 2.500 kr. á mánuði fyrir aðrar bifreiðar.

3. gr.

Gildistaka og lagastof

Gjaldskrá þessi sem sett er með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum og á sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 951/2021.

Samþykkt á fundi borgarráðs þann **XX.** desember 2021.

Bílastæðasjóður

Lýsing	2022	2021	Hækkun
	Verð	Verð var	
Bílahús			
Bergstaðir efri hæð	9.100	8.700	4,6%
Bergstaðir neðri hæð (lokaður bílskúr)	15.100	14.500	4,1%
Kolaport	10.300	9.900	4,0%
Ráðhús	15.100	14.500	4,1%
Stjörnuport	9.100	8.700	4,6%
Traðarkot	10.300	9.900	4,0%
Vesturgata	15.100	14.500	4,1%
Vitatorg	7.800	7.500	4,0%
Útdeild			
Gjaldsvæði 1	385	370	4,1%
Gjaldsvæði 2	200	190	5,3%
Gjaldsvæði 3	200	190	5,3%
Gjaldsvæði 3 eftir fyrstu 2 klst.	55	55	0,0%
Gjaldsvæði 4	200	190	5,3%
Íbúakort			
Íbúakort mánaðargjald	2.500	2.500	0,0%
Íbúakort mánaðargjald raf- og vetnisbílur	1.250	1.250	0,0%
Aukastöðugjald			
Aukastöðugjald (aukaleigugjald)	4.500	4.500	0,0%
Afsláttur ef greitt innan þriggja daga	1.100	1.100	0,0%
Stöðubrotsgjald			
Stöðubrotsgjald almennt	10.000	10.000	0,0%
Afsláttur ef greitt innan þriggja daga	1.100	1.100	0,0%
Stöðubrotsgjald - bílastæði hreyfihamlaðra	20.000	20.000	0,0%
Afsláttur ef greitt innan þriggja daga	1.100	1.100	0,0%

Tinna Garðarsdóttir

Frá: Guðbrandur Sigurðsson <gudbrandur.sigurdsson@lrh.is>
Sent: mánudagur, 29. nóvember 2021 12:15
Til: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Afrit: LRH:Fyrirspurnir; Árni Friðleifsson
Efni: RE: Gjaldskrár og gjaldsvæðisbreyting bílastæða í Reykjavík
Viðhengi: Gjaldskrá Bílastæði - Borgarráð_drafttillögreglu.pdf

Sæl Guðbjörg.

Fyrir hönd Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu er erindið samþykkt með vísan í 2. mgr. 86. gr. umfl nr. 77/2019.

Guðbrandur Sigurðsson

Aðstoðaryfirlögregluþjónn

Umferðardeild

gudbrandur.sigurdsson@lrh.is



UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115

105 Reykjavík

lrh@lrh.is

4441000



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

From: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>

Sent: 29. nóvember 2021 12:10

To: Guðbrandur Sigurðsson <gudbrandur.sigurdsson@lrh.is>

Cc: LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>; Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>

Subject: RE: Gjaldskrár og gjaldsvæðisbreyting bílastæða í Reykjavík

Sælir

Ætlunin er að fara hægar í sakirnar svo hér er ný tillaga.

Ekki verður lögð til lenging á gjaldskyldutíma að svo stöddu og 385 kr en ekki 400 kr á gjaldsvæði 1.

Kveðja

Guðbjörg Lilja

From: Guðbrandur Sigurðsson <gudbrandur.sigurdsson@lrh.is>

Sent: fimmtudagur, 25. nóvember 2021 18:21

To: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>

Cc: LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>; Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>

Subject: RE: Gjaldskrár og gjaldsvæðisbreyting bílastæða í Reykjavík

Sæl Guðbjörg.

Við gerum ekki athugasemdir við þessi drög að breytingum á gjaldskrá og gjaldsvæðum í Reykjavík og samþykki ég erindið fyrir hönd Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Guðbrandur Sigurðsson

Aðstoðaryfirlöggluþjónn
Umferðardeild

gudbrandur.sigurdsson@lrh.is



UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

lrh@lrh.is

4441000



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

From: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Guðbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>

Sent: 25. nóvember 2021 14:11

To: Guðbrandur Sigurðsson <gudbrandur.sigurdsson@lrh.is>; Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>

Subject: Gjaldskrár og gjaldsvæðisbreyting bílastæða í Reykjavík

Sælir

Við erum að undirbúa breytingu á gjaldskrá og gjaldsvæðum í Reykjavík. Stefni á að senda ykkur þetta formlega á morgun og þá líka á lrh@lrh.is en langaði að senda þennan undanfara núna ef það skyldi verða til þess að flýta fyrir afgreiðslu ykkar á málinu.

Bestu kveðjur

Guðbjörg Lilja